

STJÓRNARTÍÐINDI B 91 – 1998

Nr. 636

1994

30. október 1998

REGLUGERÐ

um bann við síldveiðum við Eldey.

1. gr.

Frá og með 3. nóvember 1998 til og með 31. desember 1998 eru allar síldveiðar bannaðar við Eldey á svæði, sem markast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

1. 63°25'N - 24°40'V

3. 63°32'N - 23°40'V

2. 63°41'N - 24°04'V

4. 63°14'N - 24°15'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. október 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 637

AUGLÝSING

26. október 1998

**um breytingu á grunnfjárhæðum skv. 4. og 6. gr.,
sbr. 22. gr. laga um erfðafjárskatt nr. 83/1984.**

Grunnfjárhæð skv. 4. gr. verður kr. 690.613.

Grunnfjárhæð skv. 6. gr. verður kr. 49.707.

Breyting þessi tekur gildi 1. desember 1998 og gildir til jafnlangdar á næsta ári.

Félagsmálaráðuneytinu, 26. október 1998.

F. h. r.

Sturlaugur Tómasson.

Sesselja Árnadóttir.